

Heiðarskóli



**Bekkjarnámskrá
10. bekkur
2011-2012**



Bakgrunnsupplýsingar

Í árganginum eru nemendur 48, 26 piltar og 22 stúlkur. Umsjónakennarar Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarisdóttir. Kennslustundir í kjarnagreinum eru 31, 5 í valgreinum og 1 umsjónartími. Hver valgrein er 1-2 kennslustundir á viku.

Námsmat í 10. bekk. Í 10. bekk fá nemendur einkunn eða umsögn í öllum greinum að hausti og að vori. Þá fá nemendur skólaeinkunn að vori sem er samsett einkunn fyrir allt skólaárið, 50% hausteinkunn og 50% voreinkunn. Skólaeinkunn er sú einkunn sem framhaldsskólar fá þegar nemendur sækja um framhaldsskólavist.

Nafnalistar eru aðgengilegir á fjölskylduvef Mentors.

Danska:

Kennarar: Fanney Petra Ómarsdóttir

Tímafjöldi: 4 tímar.

Markmið: Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Lifandi tungumál eru síbreytileg og tengsl málnotkunar og menningar eru órjúfanleg. Samkvæmt námskránni er dönskunámi skipt í fjóra þætti: **1) hlustun, 2) lestur, 3) talað mál (samskipti og frásögn) og 4) ritun.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígangi í náminu.

Hlustun – að nemandi

- skilji og geti nýtt sér hagnýtar upplýsingar sem heyrast við ákveðnar aðstæður, t.d. á járnbrautarstöð, á flugvelli, í banka, á matsölustað og öðrum stöðum sem tengjast daglegu lífi
- geti fylgt atburðarás í styttri frásögnum sem tengjast orðaforða þeirra efnisflokka sem unnið er með
- geti hlustað eftir tilteknum upplýsingum í samtali eða frásögn
- skilji heildarinntak í samtölum tveggja um efni almenns eðlis

Lestur – að nemandi

- geti lesið fjölbreytta texta og unnið verkefni út frá þeim
- geti beitt yfirlitslestri þar sem nóg er að skilja megininntak textans
- geti beitt leitarlestri þar sem leitað er eftir ákveðnum upplýsingum
- geti beitt nákvæmnislestri þar sem nauðsynlegt er að skilja hvert einasta orð

Talað mál - samskipti – að nemandi

- geti notað grunnorðaforða úr efnisflokkum, sem fjallað hefur verið um, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti tjáð sig um tilfinningar, þarfir, óskir og athafnir daglegs lífs af kurteisi og með viðeigandi orðalagi
- geti beðið um upplýsingar og leiðbeiningar, t.d. á flugvöllum, lestarstöðvum, verslunum og veitingastöðum

Talað mál - frásögn – að nemandi

- geti endursagt smásögu, blaðgrein, frásögn, samræður eða viðtöl og svarað spurningum út frá innihaldi
- geti sagt frá nánasta umhverfi sínu, landi og þjóð á einföldu máli

- geti verið með stutta undirbúna kynningu eða fyrirlestur fyrir framan hóp

Ritun – að nemandi

- geti skrifað mismunandi textagerðir í ólíkum tilgangi
- geti skrifað lengri samfelldan texta um efni sem tengjast daglegu lífi
- geti tjáð skoðanir sínar eða hugsanir á skiljanlegu rituðu máli og í góðu samhengi
- geti skrifað endursagnir út frá t.d. frásögn, smásögu eða myndum

Málfræði – að nemandi þekki og geti beitt

- ákveðnum og óákveðnum greini
- eintölu og fleirtölu
- nútíð og þátíð
- tölum
- sögnum, nafnorðum, lýsingarorðum, forsetningum og fornöfnum

Námsefni:

Ekko, lesbók og vinnubók.

Sagnablað (96 óreglulegar sagnir).

Ýmis verkefni og textar á blöðum frá kennara s.s ritunarverkefni og málfræðiverkefni.

2 léttlestrarbækur lesnar.

2 dvd myndir sýndar og unnið út frá þeim.

Kennslutilhögun: Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. beina kennslu, utanbókarnám, þemavinnu, hugtakakort, hópverkefni, umræðu- og spurnaraðferð. Unnið er markvisst með bókina Ekko bæði í lesbók og verkefnabók yfir veturinn. Nemendur læra 96 óreglulegar sagnir og verða sagnapróf með reglulegu millibili. Sú málfræði sem farið verður í í vetur er unnin í tengslum við Ekko vinnubók. Nemendur fá aukaverkefni frá kennara til að vinna með málfræðina þegar þurfa þykir. Horft verður á 2 dvd myndir og unnin verða verkefni út frá þeim. Einnig verða lesnar valdar bækur eða sögur og verkefni unnin út frá því. Þegar tækifæri gefst skrifa nemendur í leiðarbók, misjafnlega mikið eftir aðstæðum.

Námsmat: Áætlað er að nemendur taki kaflapróf úr Ekko en prófin eru t.d. gagnapróf, einstaklingspróf og parapróf. Fyrir áramót verða tekin 10 sagnapróf . Einnig verða ýmis verkefni unnin sem gilda munu til einkunnar.

Hlutföll í námsmati eru:

Vetur: Sagnapróf	20%	Vor: Kaflapróf	40 %
Kaflapróf	30%	Léttlestrarbók	10%
Léttlestrarbók	10%	Hlustun	10%
Dvd mynd-hugtakakort	10%	Dvd mynd - próf	10%
Hlustun	10%	Leiðarbók	10%
Leiðarbók	10%	Lesskilningur	10%
Lesskilningur	10%	Munnlegt próf/auglýsing	10%

Enska:

Kennari: Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 4 tímar á viku.

Markmið:

Í 10. bekk er lögð áhersla á að nemendur öðlist góða almenna færni í ensku og geti nýtt tungumálið heima og erlendis sem og til frekara náms. Mikilvægt er að nemendur skilji talað mál af helstu málsvæðum enskrar tungu um efni sem þeir þekkja

Hlustun – að nemandi:

- geti skilið ensku af helstu málsvæðum hennar, talaða á eðlilegum hraða.
- geti hlustað á mismunandi hátt eftir upplýsingum í töluðu máli, bæði til að ná aðalatriðum og nákvæmari upplýsingum.
- skilji meginþráð í fréttæfni.
- skilji þegar nokkrir tala saman.
- geti unnið markvisst með orðaforða.

Lestur – að nemandi:

- geti lesið aðgengilegt fræðsluefni.
- Kunni að nota orðabækur
- geti lesið bókmenntir, skáldsögur, ljóð og smásögur (sögur ætlaðar enskumælandi).
- skilji megininntak úr blaða og tímaritsefni.
- geti lesið í mismunandi tilgangi.
- geti dregið ályktanir, lesið á milli lína, giskað á orð út frá samhengi og áttað sig á uppbyggingu texta.

Talað mál – að nemandi:

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega.
- geti tekið orðið, umorðað, leiðrétt sig, tjáð skoðanir sínar og tilfinningar.
- geti komist að sameiginlegri niðurstöðu með öðrum, látið í ljós skoðanir.
- geti bjargað sér við óvæntar aðstæður.
- kunni að nota föst orðasambönd sem eru algeng í daglegum samskiptum
- geti veitt upplýsingar um menningu sína og umhverfi

Ritun – að nemandi:

- geti skrifað samfelldan, skipulegan og viðeigandi texta þ.e. ritgerðir, skýrslur, gagnrýni, sögur, persónuleg og ópersónuleg bréf.
- geti tjáð sig í mismunandi tilgangi og kunni að beita helstu reglum um greinamerkjasetningu.
- geti beitt almennum og sértækum orðaforða í ritun.
- kunni að nota ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur.

Námsefni:

- New Matrix Intermediate
- Ýmis verkefni og textar sem er að finna í verkefnamöppum og á skólavef.
- Gömul samræmd próf
- Kjörbók A night without end, David Copperfield og Pelican Brief

Kennslutilhögun:

Í ensku er unnið samhliða með 4 þætti tungumálsins; hlustun, lestur, ritun og talað mál. Bókin New Matrix er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Þá verður einnig unnið sérstaklega með nýjan orðaforða, nemendur þreyta svo skrifleg próf við lok

hvers kafla þar sem áhersla er lögð á hlustun, málfræði, orðaforða og ritun. Unnið verður jafnt og þétt með bókina yfir veturinn en inn á milli verður gripið í ýmis verkefni, skrifleg eða í tölvuveri. Ýmsar tilhliðranir verða þegar kjörbækurnar eru teknar fyrir og verða unnin verkefni úr þeim auk tímaprófa.

Einnig munu nemendur vinna markvisst í ritun og verða unnin a.m.k. eitt ritunarverkefni á mánuði þar af tvö hópverkefni á hvorri önn þar sem nemendur vinna í samvinnu að einu verkefni. Fyrstu þrjár vikur vetrarins fara eingöngu í uppþrífjun og undirbúning fyrir samræmd próf sem verða 20. september. Þá munum við rifja upp ýmis málfræðiatríði og nýta okkur gömul samræmd próf til að fara í lestur og orðaforða.

Kennsluáðferðirnar eru margar, nemendur eru til dæmis hvattir til að tala á ensku og mun kennari að eihverju leiti tala ensku í tímum þannig þjálfast nem í hlustun ásamt því að hlusta á verkefni og sögur af geisladiskum. Leitast er við að tengja enskunámið daglegu lífi og því sem er að gerast í fréttum og dægurmálum. Unnið verður með blaðgreinar af netinu en einnig dægurlagatexta. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni í efnisvali og áherslum og þannig reynt að koma til móts við þarfir og áhugasvið flestra. Mest vinna nemendur sjálfstætt, nokkuð er þó um paravinnu og hópvinnu, með því er reynt að auka samvinnu nemenda og fá þau til að sjá að betra er að horfa á verkefni frá tveimur hliðum og þá fá þau líka tækifæri til að læra af hvört öðru. Talsvert er um umræður sem fara fram bæði í litlum hópum og svo bekkjarumræðum sem kennari stjórnar

Námsmat:

Kaflapróf sem lögð verða fyrir í lok hvers kafla gilda öll til einkunnar. Hlustunarverkefni sem metin eru til einkunna bæði haust og vor eru unnin upp úr TOEFL prófum og gömlum samræmdum prófum. Nemendur skila auk þess ritunarverkefnum sem eru metin til einkunna. Þá er kjörbók metin, bæði verkefni og próf og vinnueinkunn er gefin fyrir vinnulag og ástundun námsins.

Haust:

Kaflapróf 1-3 **60%**

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 20%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Kjörbók **10%**

David Copperfield, próf

Ritun **10%**

Nemenur skila 5 ritunarverkefnum og velja 2 sem þau vilja að gildi til einkunnar

Hugtakakort **5%**

Nemendur vinna 2 hugtakakort tengd málfræði.

Jólaverkefni **15%**

Nemendur vinna í hópum veggspjald eða glærुकynningu um siði og venjur tengd jólunum í enskumælandi löndum.

Vor:

Kaflapróf 4-7 **60%**

Kaflaprófin eru tekin í lok hvers kafla og gildir hvert um sig 15%. Í hverju prófi er könnuð hlustun, málfræði og orðaforði.

Lesskilningur **5%**

Lesskilningspróf unnið í tíma.

Munnlegt próf **5%**

Kjörbók **20%**

Nemendur þreyta parapróf úr þókinni Night Without End, og gera hugtakakort úr The Pelican Brief eða Three men in a Boat..

Hópverkefni – USA – 10%

Nemendur velja sér eitt fylki í USA til að fjalla um og kynna á ensku fyrir samnemendum

Íslenska

Kennarar: Agnes Ósk Ómarsdóttir og Brynjar Harðarson.

Tímafjöldi: 7 tímar á viku. Unnið verður í lotum þar sem hverjum þætti íslenskunnar verður gerð skil.

Markmið:

Með markmiðssetningu í íslenskukennslu er byggt á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 2007 er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) lestur og bókmenntir, 2) ritun, 3) talað mál og hlustun, 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

Kennslumarkmið:

- Að nemendur líti á móðurmálið sem heild en ekki fjölda stakra námsþátta.
- Að nemendur geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.
- Að nemendur fái tækifæri til margvíslegrar samvinnu, innan bekkjar og árgangsins t.d. með hópverkefnum.
- Að nemendur öðlist meiri færni í lesskilningi með fleiri lestímum á viku.

Námsmarkmið

Að nemendur;

- styrki einstaklingsgetu, m.a. með því að þeir; auki orðaforða og efla lesskilning tengt lestri forn- og nútímabókmennta og ljóða
- skilji mikilvægi þess að geta lesið sér til gagns og ánægju
- þjálfist í að hlusta á upplestur og fyrirlestra á gagnrýninn hátt
- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu með viðeigandi verkefnum
- þekki allar stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu og geti stafsett rétt almennan texta
- þekki grunnhugtök í greiningu ljóða og bókmennta og auki færni í notkun þeirra
- auki lesskilning sinn með yndisbókalestri og notkun lestrardagbóka
- geti lagt mat á gildi trúverðugleika texta og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- geti notað algeng hugtök úr bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið
- þjálfist í skapandi skrifum
- kunnir að ganga frá texta á stafrænu formi
- þjálfist í að skrifa mismunandi textategundir og geti notað orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt
- hafi náð nokkurri leikni í að beita málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- geti nýtt sér málfræðipekkingu sína við nám í erlendum tungumálum
- þekki til helstu framburðarmállýskna og þróunar þeirra
- þjálfist í að taka niður glósur og vinna hugtakakort
- efla færni sína í vinnubrögðum og öflun heimilda, geti nýtt sér orðabækur, handbækur og leiðréttingarforrit eftir þörfum

Námsefni:

Englar alheimsins e. Einar Má Guðmundsson. Nútímaskáldsaga og efni tengt henni
 Finnur III e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur
 Íslenska, kennslubók í málvísi og ljóðlist e. Gunnlaug Snævarr og Jón Norland
 Málfinnur, og Skriffinnur e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur
 Mályrkja III e. Höskuld Þráinsson og Silju Aðalsteinsdóttur
 Gíslasaga. Forn saga

Ítarefni:

Fjölbreytt ljósritað efni fyrir nemendur
 Yndislestrarbækur
 Kennsluvefir

Kennslutilhögun:

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir þættir íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stígandi er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluaðferðum og margvíslegu námsefni. Höfðað er til færniþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Kennsluaðferðirnar eru margar t.d. bein kennsla, einstaklingskennsla, lausnaleyting, samvinnunám og sóknarskrif. Nemendum á þessu skólastigi er jafnframt kennd námstækni og öguð vinnubrögð þegar leitað er leiða til þess að örva málkennd og færni í íslensku máli. Sérstök áhersla verður lögð á lestur og skapandi skrif. Lestrardagbók nota nemendur með yndislestri, sem eykur lestrargetu og lesskilning, ritun og færni í öllum fjórum flokkum íslenskunnar. Í lestrardagbókina skrifa nemendur einnig hugleiðingar sínar, örsögur og ljóð.

Námsmat: Janúar

	Tímabil	Hlutfall
Bókm. og málfræði. Mályrkja III, Finnur og vinnub.m/Mályrkju	október	20%
Bókmenntir – Gíslasaga próf	nóvember	10%
Bókmenntir – Gíslasaga próf seinni hluti	desember	10%
Lesskilningur	desember	15%
Málfræði	janúar	20%
Kjörbókarritgerð	janúar	20%
Lestrardagbók	janúar	5%
		100%

Námsmat: Vor

	Tímabil	Hlutfall
Bókmenntir – Englar alheimsins	febrúar	20%
Englar alheimsins – myndband	mars	5%
Kjörbókarritgerð	mars	20%
Tímaritgerð	mars	10%
Málfræði Finnur – heimapróf	mars	5%
Málfræði úr Íslensk kennslubók í málvísi og Finnur	apríl	20%
Lestrardagbók	maí	5%
Orðtök	apríl	5%
Lesskilningur	maí	10%
		100%

Litið er á alla heimavinnu og samvinnu varðandi námið í 10. bekk sem sjálfsagðan hlut.

Íþróttir:

Kennarar: Helena Ósk Jónsdóttir og Jón Norðdal Hafsteinsson.

Tímafjöldi: 2 tímar í viku

Prepamarkmið í skólaíþróttum fyrir 10. bekk

Skynþroski – hreyfiþroski

Nemandi

- viðhaldi færni sinni og getu með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- þjálfist í samsettum æfingum, s.s. forhoppi, arabastökki, löngum kollhnís, teygjuhoppi og hálfum snúningi, jafnvægisstöðu á öðrum fæti með bolhalli fram, handstöðuveltu í réttstöðu
- fái tækifæri til að velja og stunda íþrótt eða líkams- og heilsurækt í ákveðinn tíma
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu utan- og innanhúss, s.s. skotfimi, ísknattleik, hjólaskautum, kajak, róðri og fjallgöngu

Líkamsþroski – fagurþroski

Nemandi

- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, s.s. hindrunarhlaupi, hraðaleikjum og rólegu skokki í 15–20 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum þar sem unnið er með eigin líkamspunga, styrkjandi og mótandi æfingum með lóðum eða í tækjasal og læri að nýta sér og ganga um þreksal eða þrektæki
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s. kropviðbragði og 60 m spretthlaupi
- fái verklega innsýn í tengsl markvissrar þjálfunar við bætta heilsu
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. þolpróf, fjölþrepapróf, kraftpróf eins og uppstökk án atrennu, liðleikapróf eins og teygt fram á kassa, boltakast eins og 80 g bolta kastað
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- semji verk sem inniheldur hreyfingu við tónlist

Félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski

Nemandi

- þjálfist í að skipuleggja og stjórna hluta úr kennslustund með því að sjá um upphitun, stjórna leik og sjá um teygju- eða slökunaræfingar í niðurlagi kennslustundar
- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga, s.s. undirbúningi og framkvæmd íþróttamóta, íþróttahátíð skóla og samskiptum á íþróttasviði við aðra skóla
- nýti sér valfrelsi í íþróttatímum til sérhæfingar eftir áhugasviði
- styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun eða líkams- og heilsurækt

Vitsmunarþroski

Nemandi

- kunni til verka þegar skipuleggja þarf eigin þjálfun
- öðlist skilning á áhrifum mismunandi lífsstíls á heilsu og vellíðan
- skipuleggi eigin líkams- og heilsuræktarþjálfun undir handleiðslu kennara
- læri að finna púls
- læri hugræna þjálfun, s.s. öndunar- og slökunaræfingar
- viðhaldi kunnáttu sinni um reglur og leikfræði helstu íþróttagreina

- þekki helstu hugtök í þjálffræði, s.s. þol, kraft, hraða, liðleika og teygjur, samhæfingu, upphitun og niðurlag æfinga
- fái innsýn í hvernig íþróttir geta nýst sem liður í endurhæfingu eftir slys eða veikindi
- læri helstu atriði skyndihjálpar, s.s. að stöðva blæðingu, að beita þrýstingi og kælingu eftir högg á vöðva og að koma sjúklingi í læsta hliðarlegu
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar fyrir eigin þjálfun í líkams- og heilsurækt.

Kennslutilhögun: Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinar (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, hafnabolta, golf, bandý, hringþjálfun, frjálsar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl.

Námsmat: Í formi umsagnar í lok haustannar og einkunn í lok vorannar.

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum 40%

Prófæfingar 60%

Prófæfingar mæla; þol, kraft, samhæfingu, liðleika og hraða.

Lífsleikni:

Kennarar: Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarasdóttir.

Tímafjöldi: 1 stund

Markmið:

Að nemendur:

- verði meðvitaðir um þátt tilfinninga í öllum samskiptum
- geti tjáð og rökrætt hugsanir sínar, skoðanir, tilfinningar og væntingar til að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- verði færir um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum, skapandi starfi og við að setja sér markmið og taka ákvarðanir
- geti sett sér markmið og framtíðaráætlun til að stefna að og hafa unnið úr upplýsingum um námsleiðir í framhaldsskólum með tilliti til áhuga og framtíðaráforma hvað varðar störf og atvinnutækifæri
- geti nýtt sér þekkingu og ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa, sem í boði er í skólanum, um náms- og starfsleiðir
- viti af hættum samfara neyslu ávana- og fíkniefna og misnotkun á lyfjum sem notuð eru til lækninga
- átti sig á nauðsyn þess að sýna örugga og ábyrga hegðun í umferðinni vegna umferðaröryggis síns og annarra
- átti sig á því að þeir eru sjálfir ábyrgir fyrir sínu lífi og námi – uppbyggingarstefnan.

Námsefni: Olweus-hugmyndafræðin
Matur og menning
Uppbyggingarstefna – ýmis verkefni
Allir spenntir
Leið þín um lífið – valdir kaflar
Fræðsla um ræðumennsku

Gestir:

- Lögregluheimsókn um forvarnir, fíkniefnaneyslu, útivistarreglur, bílpróf , ölvunarakstur og afleiðingar hans.
- Námsráðgjafi FS með fræðslu um námsframboð og inntökureglur inn á brautir Fjölbautaskólans
- Heimsókn frá námsráðgjafa með fræðslu um prófkvíða og framhaldsnám.
- Starfskynningar og vinnustaðaheimsóknir.

Kennslutilhögun: Kennslan byggist á umræðum, fyrirlestrum og vettvangsferðum. Nemendur vinna verkefni tengd því viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni. Nemendur vinni ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni.

Námsmat: Verkefnamappa, virkni og þátttaka í tímum metin og gefin umsögn.

Náttúrufræði

Kennari : María Óladóttir

Tímafjöldi : 3 stundir

Eðlisvísindi:

Markmið:

- Að nemendur skilji hvernig orka getur breyst úr einu formi í annað
- Að nemendur geti beitt hugtökum eins og vinna, orka og afl og lýst tengslum á milli þeirra.
- Að nemendur átti sig á því að það er aldrei hægt að eyða eða búa til orku.
- Að nemendur geti skýrt helstu hugtök tengd rafmagni og seglum.
- Að nemendur þekki uppbyggingu helstu nútímarafmagnstækja.
- Að nemendur geti fjallað um valdar virkjanir
- Að nemendur geri sér grein fyrir skynjanlegum eiginleikum ljóss, svo sem speglun, ljósbroti og litrófi.

Námsefni:

Hálfðan Ó. Hálfðanarson þýddi og staðfærði.fl. 1998. **Orka** ,Námsgagnastofnun, (Kafar 2 - 6)
(Valið efni úr köflunum)
Myndbönd og ljósrit

Lífvísindi:

Markmið:

- Að nemendur þekki helstu hugtök erfðafræðinnar, t.d. litningar, gen og DNA
- Að nemendur þekki hvernig eiginleikar erfast á milli kynslóða
- Að nemendur kynnist hugmyndum um uppruna og þróun lífsins
- Að nemendur skilja hvað stjórnar kynferði manna.

Námsefni:

Þuríður Þorbjarnardóttir þýddi og staðfærði.fl. 2000. **Erfðir og þróun**, Námsgagnastofnun. (valdir kaflar). Myndbönd og ljósrit

Jarðvísindi

Markmið:

- Að nemendur þekki helstu hugmyndir manna um uppbyggingu alheimsins
- Að nemendur þekki gerð og eiginleika sóla og reikistjarna

- Að nemendur þekki sólkerfið okkar
- Að nemendur þekki helstu hugmyndir manna um uppbyggingu alheimsins
- Að nemendur þekki gerð og eiginleika sóla og reikistjarna
- Að nemendur þekki sólkerfið okkar

Að búa á jörðinni

Markmið:

- Að nemendur skilji hvað felst í hugtakinu sjálfbær þróun.
- Að nemendur skilji mikilvægi þess að umgangast hvers kyns náttúruauðlindir á þann hátt að þær spillist ekki.
- Gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma og framtíð byggist á að hægt sé verði að búa hér áfram.
- Að efla ábyrgð nemenda gagnvart umhverfi og hvetja þá til að vernda náttúruna og viðhalda fegurð hennar.
- Að vekja athygli nemenda á umhverfi sínu og þeim vandamálum sem þar bíða úrlausnar.
- Að auka þekkingu nemenda á náttúrunni og umhverfinu í heild svo að þeir geri sér betur grein fyrir áhrifum af gjörðum mannsins.
- Að þjálfva nemendur í að skilgreina, leysa og koma í veg fyrir umhverfisvandamál, m.a. með þátttöku í fyrirbyggjandi aðgerðum.

Námsefni:

Einar Sveinbjörnsson, 2010. CO2 Framtíðin í okkar höndum

Þorsteinn Vilhjálmsson þýddi og staðfærði ásamt aðstoðarmönnum, 2001. Sól, tungl og stjörnur.

Veraldarvefurinn t.d. heimurinn.is og fleira kennsluefni.

Kennsluaðferðir:

Fyrirlestrar og umræða um ný hugtök. Nemendur gera verklegar æfingar þegar það á við, gera skýrslur um æfingarnar og skila til kennara. Töluverð áhersla verður lögð á lestur og lesskilning, útdráttavinnu og söfnun nýrra hugtaka. Vísindalæsi er mikilvægt í nútímasamfélagi og verður leitast við að efla lesskilning nemenda á textum tengdum náttúrufræði og vísindum. Nemendur munu gera ýmis verkefni tengd þessu, t.d. safna nýjum hugtökum í leiðarbók og útbúa sér einskona orðskýringabók sem þeir geta nýtt sér í frekara námi í náttúrufræði. Nemendur munu gera hugtökin sem sýnilegust og nýta þau bæði í orði og riti með ýmsum verkefnum svo sem „plakatagerð“, glærusýningum og fleira. Nemendur munu einnig safna saman blaðagreinum um náttúrufræði og vísindi, sem við munum lesa saman og ræða í tímum.

Námsmat:

Hver kafli er metinn þegar yfirferð er lokið. Nemendur taka ýmist hefðbundin eða óhefðbundin próf. Einnig skila þeir verkefnum og leiðarbók reglulega yfir hvora önn. Kennari leitast við að hafa námsmat fjölbreytt.

Haust:

Efnisheimurinn	1. kafli	Próf	10%
Efnisheimurinn	2. Kafli	Parapróf	10%
Efnisheimurinn	3. Kafli	Heimaverkefni	10%
Efnisheimurinn	4. Kafli	Gagnapróf	10%
Orka	3. Kafli	Verkefni	5%
Orka	3. Kafli	Þema um rafmagn	15%
Efnish. og Orka		Leiðarbók/Orðskýringasafn	20%
Efnish. og Orka		Verkefni	10%

Efnish. og Orka		Tilraunir og skýrslur	10%
-----------------	--	-----------------------	-----

Vor:

Orka	2. kafli	Próf	10%
Orka	4. – 5. kafli	Verkefni	10%
Sól, tungl og stjörnur	3. kafli	Spurningakeppni	10%
CO ₂ – Framtíðin í okkar höndum		Þema	20%
Erfðir og þróun	2. kafli	Gagnapróf	10%
Erfðir og þróun	3. kafli	Verkefni	10%
Orka, STS, CO ₂ , Erfðir/þróun		Leiðarbók/Orðskýringasafn	15%
Orka, STS, CO ₂ , Erfðir/þróun		Verkefni	10%
Orka, STS, CO ₂ , Erfðir/þróun		Tilraunir og skýrslur	5%

Samfélagsfræði:**Kennari:** Martha Jensdóttir**Saga****Tímafjöldi:** 3 kennslustundir í viku.**Markmið:**

Nemandinn kynni sér hugmyndir manna og sjónarmið um framtíð Íslands á 19 öld og byrjun 20. aldarinnar. Þeir átti sig á nauðsyn sjálfstæðisbaráttu á þessum tíma og kjörum almennings í landinu. Þeir skilji baráttu fyrir jafnrétti kynjanna til menntunar og starfa.

Nemendur læri um þær hörmungar sem dundu yfir landið árið 1918 og hvaða afleiðingar þessir atburðir höfðu á seinni tíma. Nemendur læri um þær gífurlegu breytingar sem urðu á þjóðfélagi okkar á þessum tíma hvað varðar hluti eins og húsakost, vatnsveitu, lækniþjónustu og síðast en ekki síst stjórnarhætti í landinu.

Námsefni: Seinni hluti Þjóðfélagsfræði sem var á fyrri önn
Árið 1918 eftir Helga Grímsson
Styrjaldir og kreppa eftir Synnöve Veinan Hellerud, Ketil Knutsen og Sigríð Moen

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar og verkefnavinna, ritgerðir, myndbönd.

Námsmat:	Verkefni/vinna	10 %
	Próf (þjóðfélagsfræði) stjórnskipan	15%
	Próf bls 171-192	15%
	Próf 1 1918	10%
	Próf 2 1918	10%
	Verkefni úr styrjaldir/kreppa	15%
	Próf úr styrjaldir/kreppa	15%
	Ritgerð	10%

Þjóðfélagsfræði**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir í viku

Markmið:

Nemandinn hugleiði hver hann er í augum sjálfs síns og annarra og hvernig sjálfmynd hans verður til og geti rökrætt hvort sjálfmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur.

Nemandinn kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athugi hvernig reglum er framfylgt og ræði réttmæti þeirra.

Nemandinn kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni.

Nemandinn læri að tengja umfjöllunina við hugtök á borð við þrískiptingu ríkisvaldsins, stjórnarskrá, mannréttindi, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar, Alþingi o.s.frv.

Nemandinn hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi með hliðsjón af ýmsum þáttum.

Nemandinn greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með.

Nemandinn geti takið þátt í umræðu um það sem efst er á baugi hverju sinni og geti metið upplýsingar fjölmiðla á gagnrýninn hátt.

Námsefni: Þjóðfélagsfræði e. Garðar Gíslason.
Ljósrit, myndbönd og verkefni frá kennara.
Dagblöð og aðrir fjölmiðlar.

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar og verkefnavinna. Vettvangsferð ef mögulegt er. Mikil áhersla er lögð á að nemendur ræði það sem er efst á baugi hverju sinni og komi fram skoðanir sínar og geti rökstutt þær. Fréttir af atburðum innanlands og utan eru ræddar og reynt að fá sem flesta til að fylgjast með því sem er á döfnni. Áhersla er lögð á orðskýringar. Málfar sem tengist stjórnsýslu, alþjóðasamskiptum og gjaldeyrismálum er t.d ekki notað í daglega hjá nemendum og því nauðsynlegt að hafa góðar skýringar. Prófað er úr orðskýringum.

Námsmat:

Próf 1	20 %
Próf 2	20%
Próf 3	20%
Heimavinna/verkefni	10%
Verkefnið „Hvað kosta ég?“	15%
Ritgerð	15%

Voreinkunn er meðaltal einkunna úr sögu og þjóðfélagsfræði. Þjóðfélagsfræði er kennd bæði fyrir og eftir áramót.

Þjóðfélagsfræði	50 %
Saga	50 %

Stærðfræði:

Kennarar: Haraldur Axel Einarsson, Þóra Guðrún Einarsdóttir og Þórey Garðarsdóttir.

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku.

Markmið:

Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi í 8. bekk skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniadgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

„Með kennslu í stærðfræði í skólum er stefnt að því að nemendur

- öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun“ (2007)

Markmiðin eru:

- að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi.
- að efla vitsmunabroska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni.

Að nemandi:

Stærðfræði og tungumál

- ræði um náttúrulegar tölur, heilar tölur og ræðar tölur og sambandið milli almennra brota, endanlegra tugabrota og lotubundinna tugabrota
- taki þátt í samstarfsverkefni með bekkjarfélögum

Lausnir verkefna og þrauta

- kynnist því hvernig hægt er að leysa þraut með því að vinna sig til baka og nota form og gerð hugsanlegra lausnar til að finna hver lausnin er
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram

Röksamhengi og röksemdafærslur

- kynnist einföldum sönnunum þar sem röksemdafærslur skipta meginmáli, t.d. reglu hornasummu í marghyrningi og geti beitt henni á einfalda marghyrninga, s.s. fimmhyrning
- þjálfist í að nota röksemdafærslu við lausn verkefna

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- setji stærðfræðileg hugtök í samhengi við hversdagslega hluti til að öðlast betri skilning á þeim
- beiti stærðfræði í verkefnum sem snerta samskipti einstaklingsins við samfélagið, s.s. við afborganir af lánum sem breytast milli ára í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu

Tölur

- dragi ferningsrætur lágra ferningstalna með því að leysa þær upp í frumþætti
- einfalda brotabrot
- breyti lotubundnum tugabrotum í almenn brot
- leysi verkefni með tölum sem ekki eru ræðar

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- reikni algengan reikning með tölum á staðalformi
- nái leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi þar sem reikniaðgerðum er blandað saman við veldi og sviga
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll við samanburð á stærðum og geti notað þau í útreikningum
- nái góðum tókum á prósentureikningi sem algengur er í þjóðfélaginu og kynnist því að hækkun stærðar um ákveðna prósentu og síðan lækkun um sömu prósentu gefur ekki upphaflegu stærðina
- nái góðum tókum á vaxtareikningi og öðrum verslunareikningi

Mynstur og algebra

- setji fram reglur um samband milli stærða með tölum, gröfum, formúlum og jöfnum og sýni góða innsýn í sambandið milli þessara mismunandi framsetningarháttá
- tileinki sér aðferðir til að leysa saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum
- leysi einfalda annars stigs jöfnur með þáttun
- margfaldi upp úr svigum og þátti fyrsta og annars stigs margliður
- noti veldareglur um heiltöluveldi í margvíslegu samhengi

Rúmfræði

- tileinki sér hugtökin strýta, kúla og keila, geti lýst þeim í mæltu máli og með teikningum og reiknað rúmmál þeirra
- vinni með einslögum flatarmynda og tengsl þeirra við hlutföll
- þekki samsvörun milli rúmmáls og mælieininga fyrir vökva og geti breytt þar á milli
- lesi jöfnur beinnar línu, setji hana fram í hnitakerfi og kunni að lesa úr jöfnunni hallatölu og skurðpunkt við y-ás
- kynnist ferli annars stigs falls, þ.e. fleygboga
- kynnist sönnun á reglu Pýþagórasar, útskýri hana og beiti henni á rétthyrnda þríhyrninga

Tölfræði og líkindafræði

- sýni þekkingu og skilning á hugtökunum tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, vegið meðaltal, úrtak, miðgildi og tíðasta gildi
- fáist við skilyrt líkindi
- sýni þekkingu á mun á fræðilegum líkum, líkum sem leiddar eru af tilraunum og huglægu mati á líkum án tilrauna
- reikni líkur í einföldum tilvikum þar sem einungis endanlega margar útkomur koma til greina

Námsefni:

Átta–tíu, bók 5 og 6.

Ýmis ljósrit, gömul samræmd próf og þjálfanir 5 – 7.

Kennslutilhögun:

Unnið er með bókina heima og í tíma. Leiðarabókin er notuð sem glósubók, nemendur glósa allar helstu reglur, hugtök og aðferðir hvers kafla fyrir sig. Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. sýnikennslu, beina kennslu, utanbókarnám, vettvangsferðir, samræðuaðferðir, raunveruleg viðfangsefni, leikir og spil, þrautalausnir, frásagnir, þemavinnu, hugtakakort og kannanir.

Námsmat: Haust	Tímabil	Hlutfall
Tímaverkefni með gögnum – Pýþagóras og líkön	sept	10%
Kaflapróf – Rúmfræði og algebra	október	15%
Kaflapróf – Reikningur og algebra	nóvember	15%
Kaflapróf – Algebra og jöfnur	nóv - des	15%
Kaflapróf - Líkur	des - jan	15%

Hugtakakort	janúar	5%
Yfirlitspróf	janúar	25%
		100%

Námsmat: Vor	Tímabil	Hlutfall
Próf með gögnum – Tölur og talnafræði	jan- feb	15%
Kaflapróf – Algebra og jöfnur	feb - mars	15%
Mynbandsverkefni	mars	10%
Heimadæmi – Horn	mars - apríl	15%
Hópverkefni – bæklingur – Prósentur	apríl	15%
Kaflapróf - Algebra	maí	20%
Hópverkefni - Tölfræði	maí	5%
Hugtakakort	maí	5%
		100%

Tekið skal fram að litið er á alla heimavinnu sem sjálfsagðan hlut og fylgst er reglulega með henni. Kennarar áskilja sér rétt til breytinga gerist þess þörf.

Sund:

Kennarar: Elín Gunnarsdóttir og Jón Norðdal Hafsteinsson

Tímafjöldi: 1 tími í viku

Markmið:

Skynþroski – hreyfiþroski

Nemandi

- náí tökum á ýmsum möguleikum sundíþróttum, s.s.
 - flugsundi með og án hjálpartækja
 - skriðsundi og snúningum við bakka
 - baksundi og snúningum
- náí tökum á nákvæmri útfærslu í
 - 50 m bringusundi
 - 12 m kafsundi
- þjálfist í að troða marvaða í 30 sek. og björgun jafningja, björgunarvegalend 25 m

Líkamsþroski – fagurþroski

Nemandi

- taki þátt í sundþjálfun til að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka
 - 100 m bringusund þar sem tímalágmark er fyrir
 - drengi: 2 mín. 15 sek.
 - stúlkur: 2 mín. 20 sek.
 - 50 m skriðsund þar sem tímalágmark er fyrir
 - drengi: 55 sek.
 - stúlkur: 58 sek.
 - 50 m baksund þar sem tímalágmark er fyrir

- drengi: 65 sek.
- stúlkur: 68 sek.
- 25 m flugsund þar sem tímalágmark er fyrir
 - drengi: 31 sek.
 - stúlkur: 33 sek.
- þjálfist í að geta synt 600 m viðstöðulaust innan 20 mínútna með frjálsum aðferðum

Félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski

Nemandi

- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla félagslega samvinnu
- þjálfist í verkefnum sem ná til hvatningar til áframhaldandi sundiðkunar
- fái tækifæri til að styrkja sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af sundiðkun og heilsurækt

Vitsmunarþroski

Nemandi

- skipuleggi eigin þjálfun í ákveðinn tíma
- læri og tileinki sér helstu atriði skyndihjálpar, sérstaklega þau sem snúa að björgun frá drukknun

Námsmat: Umsögn og upplýsingar gefnar um stöðu nemenda á hverri önn. Námsmat í forni einkunnar í lok skólaárs:

Ástundun, hegðun og frammistaða í tímum 40%
Prófæfingar 60%